

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

874. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 15. júní 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Afgreiðslur:

1. Starfsmannamál skóla. Kristín Ólöf Þorsteinsdóttir aðstoðarskólastjóri grunnskólans mætir á fundinn og fer yfir áætlun um starfsmannamál í grunnskóla skólaárið 2015-2016

2. Fundargerðir:

a) Lögð fram til kynningar fundargerðir Róta bs. frá 28. maí og 8. júní sl.

b) Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. maí sl. Byggðarráð tekur undir samþykkt stjórnar sambandsins við 18. lið fundargerðarinnar um úthlutun á 850 m.kr. til framkvæmda á ferðamannastöðum „Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir vonbrigðum með þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar, sem tilkynnt var 26. maí sl., að sérstök 850 m.kr. fjárveiting á árinu 2015 til brýnna uppbyggingar- og verndaraðgerða á ferðamannastöðum skuli vera einskorðuð við ferðamannastaði í eigu eða umsjón ríkisins. Í sambærilegri úthlutun á árinu 2014 var haft náið samráð við sambandið um framkvæmd úthlutunar og var niðurstaðan sú að af 385 m.kr. úthlutun rann rúmur helmingur til ferðamannastaða í eigu eða umsjón sveitarfélaga. Stjórnin felur formanni og framkvæmdastjóra sambandsins að óska eftir fundi með ráðherra ferðamála, þar sem kallað verði eftir skýringum á þessu breytta verklagi. Jafnframt verði ræddar leiðir til þess að tryggja áframhaldandi uppbyggingar- og verndaraðgerðir á ferðamannastöðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga, sem verða ekki síður fyrir álagi en þeir ferðamannastaðir ríkið ber ábyrgð á. Tekjuaukning sveitarfélaga af fjölgun ferðamanna er hins vegar hlutfallslega mjög lítil í samanburði við tekjuaukningu ríkisins af stórauknum umsvifum í ferðaþjónustu á síðustu árum. Af hálfu stjórnarinnar er lögð áhersla á að horft verði heildstætt og til nokkurra ára í senn á þörf fyrir framkvæmdir á ferðamannastöðum. Eðlilegt er að allir ferðamannastaðir í eigu eða umsjón opinberra aðila njóti jafnræðis við ákvarðanir um úthlutun skattfjár, í stað þess að sveitarfélögin þurfi að leggja fram 50% mótframlag vegna framkvæmda á ferðamannastöðum í þeirra umsjón. Aðeins með því móti er hægt að tryggja að fjölgun ferðamanna til

landsins valdi ekki tjóni á mikilvægum ferðamannastöðum.“

3. **1505035 Erindi frá Orkustofnun.** Lagt fram bréf Orkustofnunar dags. 26. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn um umsókn um leyfi til töku kalkþörungasetts af hafsbotni í Miðfirði við Húnaflóa. Byggðarráð samþykktir framlagða umsögn sveitarstjóra og felur sveitarstjóra að koma henni til skila til Orkustofnunar.
4. **1503053 Erindi frá Samb. ísl. sveitarf. v/Skógræktarfélag Íslands.** Lagt fram bréf frá Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 3. júní sl. ásamt bréfi Skógræktarfélags Íslands. Í bréfunum eru sveitarfélög hvött til að standa sameiginlega með skógræktarfélögum landsins að gróðursetningu trjáplantna laugardaginn 27. júní nk. til heiðurs Vigdísi Finnbogadóttur í tilefni þess að 35 ár eru liðin frá því að hún var kjörin í embætti forseta Ísland, fyrst kvenna í heiminum sem þjóðkjörinn forseti. Byggðarráð samþykkir að taka þátt í verkefninu og felur umhverfisstjóra framkvæmdina.
5. **19. júní - 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.** Byggðarráð samþykkir að fara að tilmælum ríkisstjórnar Íslands um að gefa starfsmönnum frí þar sem þess er kostur eftir hádegi þann 19. júní í tilefni 100 ára afmælis kosningarréttar kvenna.

Þeir starfsmenn sveitarfélagsins sem hafa starfsskyldu þann 19. júní frá kl. 12:00 til 16:00 fá frí á umræddum tíma. Ljóst er að ekki er hægt að loka öllum stofnunum sveitarfélagsins á umræddum tíma. Þeir starfsmenn sem starfs síns vegna geta ekki tekið frí, fá það bætt með 4 auka orlofstímum. Þær starfsstöðvar sem ekki geta lagt niður starfsemi að mati byggðarráðs vegna eðli starfseminnar og/eða áhrifa í samfélaginu, eru m.a. sambylí, leikskólinn Ásgarður, frístund og íþróttamiðstöð. Á framangreindum stöðum er forstöðumönnum heimilt að halda úti lágmarksstarfsemi á framangreindum tíma, svo fremi sem það skerði ekki þjónustu.

6. **Ráðning byggingafulltrúa.**

Fram lagðar umsóknir um starf byggingarfulltrúa Húnaþings vestra. Umsóknarfrestur um starfið rann út þann 22. maí sl. Eftirtaldir einstaklingar sóttu um starfið:

Móheiður Helga Huldadóttir Obel

Karl Ómar Jónsson

Ólafur Jakobsson

Sveitarstjóri tilkynnir um ráðningu Ólafs Jakobssonar í starfið.

Samþykkt að taka á dagskrá.

7. **Úthlutun úr Styrktarsjóði EBÍ**

Lagt fram til kynningar, bréf frá Styrktarsjóði EBÍ, þar sem fram komu styrkveitingar til 16 aðila að upphæð 5,0 milljónir króna.

300.000 þúsund króna úthlutun kom í hlut Húnaþings vestra vegna sýningarinnar

„Mitt er þitt – Sögur í tilefni 100 ára kosningaafmælis“.

8. Staða húsabíla og ferðavagna.

Sveitarstjóra falið að skoða reglur varðandi stöðu húsbíla og ferðavagna og koma með tillögur til byggðarráðs sem fyrst um hvort og þá hvar megi leggja yfir nótt.

9. Náttúrustofa Norðurlands vestra

Lögð fram drög að viljayfirlýsingu um rekstur Náttúrustofu Norðurlands vestra. Sveitarfélögin Skagafjörður, Akrahreppur, Húnaþing vestra og Skagaströnd eru sammála um að standa saman að því að efla og tryggja rekstur Náttúrustofu Norðurlands vestra. Öðrum sveitarfélögum á Norðurlandi vestra stendur til boða að taka þátt í þessu samstarfi óski þau eftir því.

Starfsemi Náttúrustofunnar verður eflað með því að koma á starfsstöðvum á Hvammstanga og Skagaströnd auk núverandi starfsstöðvar á Sauðarárkróki. Stefnt er að því að við Náttúrustofuna séu 1,5-2 stöðugildi sem skipt verður eftir frekara samkomulagi. Til þess að fjármagn til rannsókna nýtist sem best skulu starfsstöðvarnar leita samstarfs við fyrirtæki og stofnanir á hverjum stað sem sinna skyldum verkefnum - Selasetrið á Hvammstanga, Biopól á Skagaströnd og Háskólann á Hólum í Skagafirði. Jafnframt skal Náttúrustofan leita samstarfs við sem flesta aðila, innlenda sem erlenda, um rannsóknir á náttúru Norðurlands vestra.

Stjórn Náttúrustofunnar verður skipuð af fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að rekstri hennar. Forstöðumaður Náttúrustofunnar verður staðsettur á Sauðarárkróki. Sveitarfélögin leggja til 30% af rekstrarkostnaði Náttúrustofunnar á móti framlagi ríkisins. Framlög sveitarfélaganna skiptast í hlutfalli við íbúafjölda.

Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir meðfylgjandi drög að viljayfirlýsingu um rekstur Náttúrustofu Norðurlands vestra en vill ítreka að algjör forsenda fyrir þátttöku Húnaþings vestra í starfsseminni er að hluti hennar fari fram í sveitarfélaginu og að hér verði mönnuð staða.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:26

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðný Hrund Karlsdóttir
